

Laugardaginn 12. apríl 1952.

Nr. 1/1952: **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Sjómannafélags Reykjavíkur vegna
Ragnars Guðnasonar (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.
Eimskipafélags Íslands h/f
 (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um hafnarleyfi.
 Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f með stefnu, dags. 17. janúar þ. á. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 872.46 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Atvik málsins eru þessi:

Í 12. gr. kjarasamnings, sem gerður var 12. júlí 1951 milli Sjómannafélags Reykjavíkur annarsvegar og Eimskipafélags Íslands h/f og fleiri skipafélaga hinsvegar, segir svo:

„Hásetar skulu fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn eða annari heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mán., þar með taldir sunnudagar. Nú er ekki unnt að veita þessa frídaga að fullu á árinu eða áður en skipverji fer úr skiprúmi og skal þá við árslok eða brottför greiða þá daga, sem á vantar, með 1/30 af mánaðarkaupi skv. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. Auk þess veitist hásetum í erlendri höfn, þar sem skip hefur viðkomu, hálfis dags frí tvisvar á mánuði eða einn dag heilan á mánuði. Séu óviðráðanlegar ástæður er hamli því, að unnt sé að veita þetta frí, ber að greiða það samkv. ákvörðun 2. gr., b-lið. Um orlof háseta fer samkv.

lögum um orlof. Á laugardögum skal, ef sjóvökum er slitið og ekki er um burtfarardag að ræða, veita hásetum frí sem hér segir: Sé skip statt í erlendri höfn skal fríið veitt kl. 12 á hádegi. Sé skipið statt í innlendri höfn á þeim árstíma, er verkamenn almennt hætta vinnu kl. 12 á hádegi, skal fríið veitt 1 klst. eftir að verkamenn hætta störfum. Óski háseti að taka orlof í heimahöfn, hefur hann leyfi til að ráða fullgildan mann í sinn stað. Og skal hann gera það í samráði við Sjómannafélag Reykjavíkur.“

Á tímabilinu frá 12. september f. á. til ársloka 1951 var m/s Reykjafoss, eign Eimskipafélags Íslands h/f, til viðgerðar erlendis. Hásetar dvöldust í skipinu allan þenna tíma. Er ágreiningslaust, að þeir hafi fengið frí á sunnudögum og enn fremur „hálf dags frí“ þau, sem veita ber hásetum í erlendri höfn samkvæmt þriðja málslíð framangreindrar 12. gr.

Stefnandi heldur því fram, að auk nefndra landgönguleyfa eigi hásetar þeir, sem voru á Reykjafossi á nefndu tímabili, rétt til fjögurra frídaga samtals á mánuði samkvæmt fyrsta málslíð 12. gr., um frí í heimahöfn. Telur hann, að réttur háseta til hafnarleyfa samkvæmt nefndum málslíð sé óháður því, hvort skip sé í heimahöfn eða annarsstaðar. En þegar svo standi á, eins og var um m/s Reykjafoss, að skip komi ekki í heimahöfn, og því ekki unnt að veita hásetum frí þar, þá eigi þeir rétt til þess kaups, sem kveðið sé á um í öðrum málslíð oftnefndrar 12. gr. Samkvæmt þessum skilningi hafi Ragnar Guðnason, sem var háseti á m/s Reykjafossi umrætt tímabil, átt að fá alls 13 daga heimahafnarfrí þann tíma, er hann dvaldist erlendis, eða kaup sem því svari, og er fjárhæð dómkröfunnar við það miðuð. Er ekki ágreiningur um fjárhæð hennar út af fyrir sig.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að réttur háseta til hafnarleyfis samkvæmt 1. málslíð 12. gr. sé því skilyrði bundinn, að skipið liggi í Reykjavík, annarri heimahöfn eða Hafnarfirði. Mótmælir hann eindregið þeim skilningi stefnanda, að hásetar eigi ætíð rétt til frídaga samkvæmt 1. málslíð 12. gr., án tillits til þess, hvar skipið sé. Hásetar á m/s Reykjafossi, þar á meðal Ragnar Guðnason, hafi fengið öll þau frí, er þeim bar, meðan skipið dvaldist erlendis nefnt tímabil, og

geti því ekki gert kröfu til kaups samkvæmt ákvæðum annars málsliðs 12. gr.

Samkvæmt orðum fyrsta málsliðs 12. gr. í kjarasamningi málсаðilja verður að telja, að réttur háseta til þess að fá frí annan hvorn dag, eða 4 daga samtals í mánuði, sé því skilyrði bundinn, að skipið liggi í Reykjavíkurhöfn, heimahöfn skips eða Hafnarfirði. Geta önnur ákvæði 12. gr. ekki haggð þessum skilningi. M/s Reykjafoss kom ekki til neinna þessara hafna framangreint tímabil og verður ekki talið, að upp hafi komið í málinu gögn, er sanni, gegn mótmælum stefnda, að hann hafi bundizt viðtækari skyldu gagnvart stefnanda um frí til háseta nefnds skips, en þeim voru veitt, meðan það var erlendis í þetta sinn.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 600.00 málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Séráttkvæði Helga Hannessonar.

Mál þetta er risið út af ágreiningi um það, hvernig skilja beri 12. gr. samnings þess, er Sjómannafélag Reykjavíkur annars vegar og Eimskipafélag Íslands h/f o. fl. hins vegar gerðu með sér og undirritaður var hinn 12. júlí 1951. En í 12. gr. samnings þessa segir m. a. svo: „Hásetar skulu fá frí annan hvern dag meðan skip liggur í Reykjavíkurhöfn eða annari heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði, ef sjóvökum er lokið þar, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mánuði, þar með taldir sunnudagar. Nú er ekki unnt að veita þessa frádaga að fullu á árinu eða áður en skipverji fer úr skiprúmi, og skal þá við árslok eða brottför greiða þá daga, sem á vantar, 1/30 af mánaðarkaupi skv. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. Auk þess veitist hásetum í erlendri höfn, þar sem skip hefur viðkomu, hálfs dags frí tvisvar á mánuði, eða einn dag heilan á mánuði....“

Í 1. mgr. 12. gr. samningsins er skýrt tekið fram, að „hásetar *skulu* fá fri annan hvern dag“, þó ekki yfir 4 daga samtals á mann á mán.“ meðan skip er í heimahöfn og ennfremur í Hafnarfirði. Það verður því að teljast ljóst af þessu orðalagi 1. mgr. 12. gr. samningsins, að hásetum ber fri það, sem hér um ræðir skilyrðislaust, sé skip svo lengi í þessum höfnum, að tími vinnist til að veita þau. Kemur þar engin undanþága til greina. Enda staðfestir framburður tveggja yfirmanna á skipum Eimskipafélags Íslands h/f, hér fyrir dóminum, að þetta samningsákvæði hafi verið framkvæmt þannig, að hásetar hafa fengið umrædda 4 frídaga á mánuði samkv. 12. gr. samningsins, ef skip hafa legið það lengi í heimahöfn, að hægt var af þeim ástæðum að veita friið. Hinsvegar vita þeir engin dæmi þess, að hásetar hafi ekki fengið slíkt fri, ef dvöl skipsins í heimahöfn hefur verið nægilega löng, til þess að þeir gætu fengið umrætt fri. Ber þá næst að gera sér grein fyrir, hvað átt muni við með því orðalagi 2. mgr. 12. gr. samningsins þar sem segir: „Nú er ekki unnt að veita þessa frídaga að fullu“ o. s. frv. Kemur þá fyrst til athugunar, hvaða hindranir geti orsakað það, að ekki sé unnt „að veita þessa frídaga að fullu“. Ég tel, að hindranir þessar geti einungis verið þær, að skip dvelji ekki það lengi í heimahöfn eða Hafnarfirði, að tími vinnist til þess, að láta hásetum í té umsamið fri, eða þá, að skip er það lengi samfellt fjarri þessum höfnum, að ekki sé unnt að veita hásetum umrætt fri.

Með orðalagi 2. mgr. 12. gr. samningsins geta samningsaðiljar því vart hafa átt við annað en það, að væri ekki unnt að veita þá 4 frídaga á mán., sem hásetum skulu veittir samkvæmt orðalagi 1. mgr. sömu greinar samningsins, þá komi kaupgreiðsla í stað frianna, burt séð frá því, hver sé orsök þess, að ekki er hægt að veita friin. Ákvæði 2. mgr. 12. gr. samningsins, sem fyrst kemur inn í samninga Sjómannafélags Reykjavíkur við samningsgerðina 12. júlí 1951, tel ég því að skýra beri á framangreindan hátt.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. samningsins, um fri háseta, er sett til þess að gera þeim mögulegt, að dvelja nokkra daga á ári hverju samvistum við fjölskyldur sínar, og munu samningsaðiljar hafa verið um það fyllilega sammála, enda beinlínis viðurkennt í greinargerð stefnda, að „heimahafnarfriið“ virðist til þess ætlað, að veita hásetum kost á að dveljast á heimilum sínum sem lengst, ef skip dvelst svo oft og lengi í heimahöfn. Jafnframt er það greinilegt af 2. mgr. 12. gr. samningsins, að samningsaðiljar hafa við samningsgerðina verið sammála um, að færi háseti á mis við það fri, sem 1. mgr. veitir honum rétt til, þá skyldi honum bætt það upp með kaupgreiðslu, að svo miklu leyti, sem kaupgreiðsla getur bætt slíkt upp. Hafi slíkt ekki verið meining samningsaðilja, var ákvæði 2. mgr. með öllu óþarft. Ég fæ ekki skilið 12. gr. samningsins á annan veg en þann, sem ég hefi nú gert grein fyrir, og tel, að hana beri að skýra í samræmi við þennan skilning minn. Ég tel því, að taka beri kröfu stefnanda til greina, og verður dómsatkvæði mitt því samkvæmt framansögðu á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, ber, samkvæmt 12. gr. samnings frá 12. júlí 1951, að greiða stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar, kr. 872.46 ásamt 6% árs-vöxtum frá 17. janúar 1952 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 5/1952: **Alþýðusamband Íslands f. h.**
 Sjómannafélags Reykjavíkur
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
 Landssambandi ísl. útvegsmanna
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Ágreiningur út af ákvæðum kjarasamnings um kauptryggingu á þorskveiðum með lóð. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna með stefnu, dags. 18. júní þ. á.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 6. janúar 1947 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör á skipum þeim, sem gerð eru út á þorskveiðar með lóð frá Reykjavík og Hafnarfirði, en Sjómannafélag Hafnarfjarðar var einnig aðili að samningi þessum.

4. gr. samnings þessa er svohljóðandi:

„Útgerðarmaður tryggir hlut hvers skipverja fyrir hvern 30 daga mánuð á ráðningartímanum með þeirri fjárhæð, er hér segir:

Hlut hvers háseta, matsveins á útilegubátum, 1. og 2. vélamanns kr. 135.00 á viku og dýrtíðaruppbót, sem greiðist fyrir